

# ÁRSSKÝRSLA 2023

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA





**HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR**  
FORMAÐUR STJÓRNAR  
SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# ÁVARP FORMANNS

Árið 2023 var ár breytinga hjá sambandinu. Karl Björnsson sem hafði starfað hjá sambandinu frá árinu 2002, og sem framkvæmdastjóri frá árinu 2008, lét af störfum fyrir aldurs sakir. Verður Karli seint þakkað fyrir hans góða framlag til starfsemi sambandsins og hagsmunabaráttu fyrir sveitarfélög landsins. Þá lét Sigurður Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, einnig af störfum vegna aldurs og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, hélt til annarra starfa. Er þeim sömuleiðis þakkað fyrir alla þeirra góðu vinnu og framlag undanfarin ár fyrir sveitarfélög landsins. Óskum við þeim velfarnaðar í hverju sem þau taka sér fyrir hendur á komandi árum.

Arnar Þór Sævarsson tók við sem framkvæmdastjóri sambandsins 1. maí. Hann hefur mikla reynslu af stjórnáslu og sveitarstjórnarmálum en hann starfaði sem bæjarstjóri Blönduósbæjar frá árunum 2007-2018. Þá var hann aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra frá árinu 2021 og aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra á árunum 2018-2021.

Stjórn hefur verið samtaka í að vinna að framgangi stefnumörkunar sambandsins er varðar starfshætti sambandsins. Á vordögum hófst vinna við nýtt skipurit sambandsins, sem tók gildi 1. desember. Í nýju skipulagi er skerpt á hlutverki sambandsins og horft til þess að gera það í betur stakk búið til að takast á við þau verkefni og áskoranir sem sambandið sinnir frá degi til dags. Markmiðið með breytingunum er að auka skilvirkni og bæta skipulag, þjónustu, samráð, samskipti og upplýsingaflæði, bæði inn og út á við, og auka sýnileika sambandsins gagnvart haghöfum og öðrum landsmönnum. Einnig að skapa skilyrði fyrir aukinni starfsánægju starfsfólks og góðri nýtingu mannauðs og fjármagns. Aukin áhersla er lögð á teymisvinnu og sviðum fækkar úr fimm í þrjú. Ný svið eru stjórnsýslusvið, þróunarsvið og þjónustusvið. Samhliða þessum breytingum hafa nýir stjórnendur tekið til starfa og bjóðum við þau velkomin.

Í ársskýrslu sambandsins kemur vel fram hversu öflug og kraftmikil starfsemi sambandsins er og með nýju skipuriti ætlum við að gera enn betur, og halda áfram að vinna að öflugri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu. Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar landsmanna.



## SAMSKIPTI VIÐ RÍKIÐ OG TEKJUSTOFNAR

### Jónsmessunefnd

Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, starfaði með hefðbundnu sniði á árinu 2023. Fulltrúar sambandsins í nefndinni eru Heiða Björg Hilmisdóttir formaður og Arnar Þór Sævarsson, sem tók við af Karli Björnssyni þegar hinn síðarnefndi lét af störfum sem framkvæmdastjóri sambandsins 1. maí 2023.

Þá funda fulltrúar sambandsins reglulega með þeim ráðherrum sem hafa mesta snertingu við málefni sveitarfélaga og hefur það fyrirkomulag að mati sambandsins reynst afar vel við að ræða og ná samstöðu og samvinnu um mikilvæg mál.

### Upplýsingaveita um fjármál

Samband Íslenskra sveitarfélaga safnar á ári hverju upplýsingum um fjármál sveitarfélaga og gefur út skýrslur á vef sínum. Þar má m.a. finna myndræna framsetningu talnaefnis sem unnið er upp úr ársreikningum sveitarfélaga. Á árinu 2023 kom út 39. árgangur Árbókar sveitarfélaga, sem hefur verið lykilrit í vinnslu tölulegra upplýsinga um rekstur sveitarfélaga þar sem upplýsingar úr ársreikningum eru settar í eins samanburðarhæft form og unnt er. Mánaðarlega eru er birtar á vefsíðu sambandsins upplýsingar um staðgreiðslutekjur til sveitarfélaga. Sérstök áhersla hefur verið að þróa talnaefni á þar til gerðu Íslandskorti og



tengja þannig upplýsingar við landshluta/sveitarfélög.

Líkt og fyrr gaf Samband íslenskra sveitarfélaga út excel töflur um rekstur leik- og grunnskóla. Þar má finna fjölbreytt safn lykiltalna svo sem um menntun starfsfólks, fjölda stöðugilda, rekstrarkostnað á hvern nemanda/heilsdagsígildi og svo kostnað vegna fræðslumála sem hlutfall af skatttekjum sveitarfélaga.

### Vegvísir um gjaldskrár

Sambandið tók saman í upphafi árs yfirlit yfir helstu gerðir gjaldskráa sem sveitarfélögum ber, eða þau hafa heimild til, að setja lögum samkvæmt. Þá útbjó sviðið jafnframt minnisblað um álagningu þjónustugjalda sem nýtast á sem vegvísir fyrir starfsfólk sveitarfélaga þegar leggja skal á þjónustugjöld.

### Samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga

Samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga til árána 2024 til 2028 var undirritað í lok mars. Er það í samræmi við lög um opinber fjármál, sem kveða á um að ríkið og sambandið f.h. sveitarfélaga geri árlega með sér samkomulag til næstu ára við mótun fjármálaáætlunar.

### Samstillt átak til að kveða niður verðbólgu

Undir lok árs lagði stjórn sambandsins áherslu á að í ljósi efnahagsþróunar væri afar mikilvægt að horft yrði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólgu og í bókun lýsti stjórnin sig tilbúna til að koma að slíku átaki fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu.



### Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga fór fram dagana 21. og 22. september. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni var „Áskoranir og tækifæri fram undan“. Líkt og fyrr var megintilgangur ráðstefnunnar að gefa sem best yfirlit yfir efnahag sveitarfélaga og forsendur fyrir næsta ár auk þess sem þetta er stærsti vettvangur sveitarstjórnarfólks til að koma saman til skrafs og ráðagerða. Seinni dag ráðstefnunnar voru tvær málstofur þar sem áhersla var lögð á fjármál og rekstur í annarri en fjármál og fræðslumál í hinni.







# VELFERÐ, MANNRÉTTINDI OG LÝÐRÆÐI

## Málefni fatlaðs fólks

Á árinu 2023 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið felur í sér að útsvarsprósenta sveitarfélaga hækkar um 0,23% með samsvarandi lækkun tekju-skattsprósentu ríkisins. Sambandið lítur svo á að samkomulagið sé áfangi á þeirri leið að ná sátt um fjármögnun og framtíðarskipulag þjónustu við fatlað fólk.

Þá tóku fulltrúar sambandsins þátt í gerð framkvæmdaáætlunar um málefni fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi í formi þingsályktunar.

## Málefni innflytjenda og flóttafólks

Samband íslenskra sveitarfélaga harmaði í yfirlýsingu í ágúst þá stöðu sem upp er komin í málefnum hælisleitenda sem njóta ekki lengur grunnþjónustu skv. breyttum útlendingalögum. Í yfirlýsingunni tók sambandið jafnframt undir yfirlýsingu sem Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sendu frá sér. Í framhaldinu funduðu fulltrúar sambandsins og SSH með dómsmálaráðherra og félagsmálaráðherra þar sem skýrt kom fram að verkefnið er á hendi ríkisins. Sveitarfélögunum væri hvorki heimilt né skylt að þjónusta þennan hóp líkt og fram kom í minnisblaði sambandsins um málið.

### Málefni eldra fólks

Fulltrúar sambandsins sitja í verkefnisstjórn sem vinnur að heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk. Aðgerðaráætlun fyrir árin 2023-2027 er nú orðin að veruleika. Meginþungi aðgerða í áætluninni liggur í þróunarverkefnum sem snúast um samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þjónustu sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin.

### Velferðarvaktin

Velferðarvaktin stóð fyrir fjölmennu málþingi í nóvember undir yfirskriftinni „Tjaldað til einnar nætur?“

Á málþinginu var fjallað um stöðu tekjuminni hópa á húsnæðismarkaði. Markmiðið með málþinginu var að fá fram raunsæja mynd af stöðunni og ræða hvernig bregðast megi við henni.

### Kosningalög

Við sveitarstjórnarkosningarnar 2022 var í fyrsta sinn stuðst við ný kosningalög sem tóku gildi 1. janúar 2022. Þá komu í ljós ýmsir vankantar sem nauðsynlegt var að lagfæra við fyrsta tækifæri t.d. vegna mikilla áhrifa á hæfisreglu laganna á skipan kjörstjórna. Sambandið gerði ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið sem varð að lögum undir lok árs 2023.

## MENNTUN OG VELFERÐ BARNNA

### Samstarf og samráð við mennta- og barnamálaráðuneytið

Á árinu voru reglulegir samráðsfundir með mennta- og barnamálaráðuneytinu um samstarf og samráð vegna fjölbreyttra verkefna á mállefna sviði ráðuneytisins og tók starfsfólk sambandsins auk fulltrúa af vettvangi þátt í ýmsum stýrihópum, starfshópum og sprettihópum sem störfuðu á árinu undir þessu málefnaviði.

### Framtíðarskipulag heildstæðrar skólaþjónustu

Mikið samráðsferli var um framtíðarskipulag skólaþjónusta á árinu. Annars vegar vegna löggjafar um nýja stofnun, Miðstöðvar menntunar- og skólaþjónustu sem tekur til starfa 1. apríl 2024, sem fagleg þekkingarmiðstöð og leiðtogi þegar kemur að gæðum menntunar og farsældar barna í skólum.

Hins vegar þátttaka í samráðsferli með mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt fjölmörgum hagaðilum við móttun heildstæðrar löggjafar skólaþjónusta sem mun birtast í samráðsferli á næstu vikum.





### Innleiðing farsældarlaga

Samvinna og samráð hélt áfram á árinu með þátttöku í samstarfi við BOFS og frumkvöðla-sveitarfélög vegna innleiðingar farsældarlaga. Þátttaka í ýmsum öðrum verkefnum tengt innleiðingu farsældarlaga s.s. þátttaka í samráði og samstarfi við endurreisn foreldra-starfs í þágu farsældar barna, seta í stýrihóp stjórnarráðsins í málefnum barna, starfshóp-um um hatursorðræðu, um innleiðingu farsældarlaga, um aðgengi að þjónustu fyrir börn og um áföll barna.

### Fjölbreytt verkefni tengd starfsþróun

Ýmis verkefni voru tengd menntun kennara og starfsþróun, s.s. seta í kennararáði, starfshópi um nýliðun kennara, samráðshópi um framkvæmd og innleiðingu laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda, ritnefnd Menntamiðju, stjórn Námsgagnasjóðs, fagråd um starfsþróun kennara, og ráðgjafanefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara.

### „Reynslunni ríkari“ – málþing um skólamá

Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við fleiri aðila, bauð til málþings um skólamá þar sem yfirskriftin var „Reynslunni ríkari – málþing um skólamá““. Málþingið var haldið í tilefni þess að 25 ár voru liðin frá yfirfærslu grunnskólans árið 2021 en á þeim tímamótum undirrituðu þrír ráðherrar ásamt formanni stjórnar sambandsins viljayfirlýsingu um samstarf úttekta á þróun skólstarfs og þjónustu við börn. Á málþinginu voru niðurstöður þeirrar úttekta kynntar.

### Forvarnarverkefni

Forvarnarverkefni sambandsins og forsætisráðuneytisins hélt áfram á árinu 2023. Forvarnarfulltrúi sambandsins vinnur með leik-, grunn- og framhaldsskólum landsins að því að efla forvarnir m.a. gegn kynferðislegu, kynbundnu og stafrænu ofbeldi og áreiti. Eitt af markmiðum verkefnisins er að uppfræða börn um þessi mál því börn sem þekkja réttindi sín og vita þegar brotið er á þeim láta frekar vita þannig að unnt sé að bregðast við.

Sexan stuttmyndakeppni fyrir nemendur í sjöunda bekk var hleypt af stokkunum á árinu 2023 en það er samstarfsverkefni 112.is, Sambands íslenskra sveitarfélaga, RÚV og Menntamálastofnunar.



Á árinu átti sér stað mikil umræða um hinsegin- og kynfræðslu í grunnskólum. Af því tilefni sendi sambandið, í samvinnu við fleiri aðila, frá sér yfirlýsingu þar sem minnt er á að íslensk stjórnvöld eru skuldbundin til að tryggja fræðslu um kynheilbrigði, mannréttindi og kynjajafnrétti í skólakerfinu.

Í tengslum við forvarnarverkefni sambandsins var útbúið gagnvirkt netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni til þess að auka þekkingu starfsfólks og sjálfboðaliða sem starfa með börnum á birtingarmyndum afleiðinga kynferðisofbeldis hjá þeim og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi. Námskeiðið var gefið út árið 2023 en nánari upplýsingar og hlekk á námskeiðin má finna á Fræðslutorgi BOFS.

Sambandið, Kennarasamband Íslands og Vinnueftirlitið áttu með sér samstarf á árinu þar sem áhættuþættir í vinnuumhverfi starfsfólks leik- og grunnskóla voru metnir. Með verkefninu er ætlunin að stjórnendur og starfsfólk öðlist dýpri skilning á áhrifum áhættuþátta á vinnustaðamenningu og vinnuumhverfi, rýni áhættuþætti síns vinnuumhverfis og fái í kjölfarið stuðning til að efla heilbriggt og jákvætt vinnuumhverfi.

### **Fjölþættur vandi barna**

Fulltrúar sambandsins sátu í stýrihóp sem fjallaði um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Hópurinn skilaði skýrslu á þessu ári með fjórtán tillögur sem lúta að því að bæta þjónustu við þennan hóp. Jafnframt var gert ítarlegt kostnaðarmat á tillögunum sem sýndu að hægt væri að ná umtalsverðri hagræðingu í rekstri þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

### **Framkvæmdaáætlun í barnavernd**

Fulltrúar sambandsins tóku þátt í mótun framkvæmdaáætlunar í barnavernd sem samþykkt var á árinu. Framkvæmdaáætlunin kveður á um endurskoðun og úrbætur í þjónustu við börn og að börn verði í öndvegi í allri nálgun. Hún leggur áherslu á mannréttindi og samfélagsþátttöku barna og að allar aðgerðir í áætluninni taki mið af öllum börnum óháð kynþætti, þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun og kynhneigð.

### **Endurmenntunarsjóður og Námsleyfasjóður**

Starfsemi Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og Námsleyfasjóðs kennara og stjórnenda grunnskóla var með hefðbundnu sniði á árinu. Veittir voru styrkir til 195 verkefna úr Endurmenntunarsjóði upp á rúmlega 60 milljónir króna. Í nóvember lauk úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2024-2025. Alls bárust Námsleyfasjóði 163 fullgildar umsóknir. Fjármagn til úthlutunar leyfði að veitt yrðu 48 námleyfi, eða til aðeins um 29% umsókna.



# SKIPULAGS- OG HÚSNÆÐISMÁL

Sambandið vann að og tók þátt í fjölmörgum verkefnum í þessum málaflokkum á árinu.

Fulltrúar sambandsins í húsnæðis- og skipulagsráði og á vettvangi þess unnu að nýrri húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2028 og nýrri landsskipulagsstefnu. Báðar stefnur eru nú til meðferðar á Alþingi í formi þingsályktana.

Áfram var unnið að verkefnum í tengslum við rammasamning um húsnæðismál sem fulltrúar sambandsins tóku virkan þátt í m.a. með þátttöku í starfshópum og umsögnum um lagafrumvörp. M.a. var unnið að því að skilgreina einn feril húsnæðisuppbyggingar, breyta fyrirkomulagi skipulagsgjalds, sporna gegn óleyfisbúsetu og endurskoða byggingarreglugerð en mörg verkefni munu verða áfram í vinnslu árið 2024.







Í júlí skilaði starfshópur um sértækar aðgerðir til að styrkja mönnun heilbrigðisþjónustu og jafna aðgengi af sér skýrslu. Tillögur hópsins snúa einkum að því hvernig nýta megi heimildir í lögum um Menntasjóð námsmanna til að beita tímabundnum ívilnunum við endurgreiðslu námslána, til að styrkja mönnun sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu, einkum í dreifðum byggðum.

Húsnæðisþing fór fram í lok ágúst. Yfirskrift þingsins var *Heimili handa hálfri milljón*. Meðal álitsgjafa var Heiða Björg Hilmisdóttir,

formaður stjórnar sambandsins, en fulltrúar frá sveitarfélögum tóku einnig þátt og voru með erindi og álit.

Sambandið og Skipulagsstofnun hafa undanfarin ár haldið saman Skipulagsdaginn og var hann 10. október 2023. Þar var kastljósinu sérstaklega beint að Landsskipulagsstefnu. Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar sambandsins, flutti ávarp og fulltrúar sambandinu og sveitarfélögum tóku einnig þátt og voru með erindi og álit.





# UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL

## Samtaka um hringrásarhagkerfi

Átaksverkefnið Samtaka um hringrásarhagkerfi hélt áfram á árinu 2023 en því var hrundið af stað með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins í mars 2022. Sambandið efndi til fundaraðar í upphafi árs undir hatti átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi. Alls voru haldnir þrjár fundir sem allir voru teknir upp og eru aðgengilegir á vef sambandsins. Auk þess voru unnin margvísleg verkefni undir merkjum átaksins, s.s. Borgað þegar hent er, gerð sniðmáta við útboðsgerð sveitarfélaga og framkvæmd könnunar á meðal sveitarfélaga á úrgangsstjórnun svo fátt eitt sé nefnt.

## Borgað þegar hent er

Samband íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) standa saman að Borgað þegar hent er hraðlinum og njóta til þess styrks frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Hraðlinn hefur það að markmiði að styðja sveitarfélög við að innleiða breytta gjaldheimtu í gegnum álagningarkerfi HMS. Alls voru 37 sveitarfélög vítt og breitt um landið þátttakendur í verkefninu undir lok árs 2023. Af þeim höfðu 24 lokið við öll skref verkefnisins og innheimtu samkvæmt Borgað þegar hent er í upphafsálagningu árið 2024.

### Kostnaður sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs

Þjónustugjöld sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs voru áfram til umræðu á árinu en með auknum kröfum í kjölfar þess að lög nr. 103/2021 komu til framkvæmda, hefur kostnaður sveitarfélaga vaxið með tilheyrandi hækkun þjónustugjalda.

Sambandið ákvað að ráðast í kostnaðarmatsverkefni undir lok árs 2023 með það að markmiði að kasta ljósi á kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs og hvernig megi staðla bókhaldsfærslur í málaflokknum. Auglýst var eftir fimm sveitarfélögum til þátttöku og alls bárust 22 umsóknir frá áhugasömum sveitarfélögum. Sveitarfélögin Garðabær, Ísafjörður, Rangár-þing eystra, Skagafjörður og Suðurnesjabær voru valin til þátttöku.

### Loftslagsmál

Sambandið hefur verið virkt í aðkomu að uppfærslu á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum á árinu 2023 og á fulltrúa bæði í verkefnisstjórn aðgerðaráætlunar og í Loftslagsráði. Í tilefni uppfærslu aðgerðaráætlunar var haldin vinnustofa fyrir sveitarfélögin í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Á árinu fóru fram reglulegir samráðsfundir á milli sambandsins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem rædd voru sameiginleg markmið í málaflokknum. Afurð þessara funda var gerð minnisblaðs um tillögu að gerð loftslagssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Sambandið og Mannvit stóðu svo fyrir [fræðsluviðburði](#) um innviði og loftslagsbreytingar í febrúar 2023.

Sambandið kom að ýmsum verkefnum er varða greiningu á aðgerðum, fjármögnun og hlutverki sveitarstjórnarstigsins í aðlögun að loftslagsbreytingum. Fulltrúi sambandsins sat í stýrihópi um gerð landsáætlunar um aðlögun að loftslagsbreytingum og hefur haft aðkomu að mótun og framkvæmd aðgerðar í núgildandi byggðaáætlun 2022-2036 sem miðar að því að móta heildstæða nálgun sveitarfélaga þegar kemur að aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga.





### Samræmdar norrænar merkingar

Notkun á samnorrænum merkingunum úrgangstegunda komst formlega til framkvæmda á árinu 2023 þegar merkingarnar voru innleiddar í lög og reglugerðir. Þegar nýjar lagakröfur um meðhöndlun úrgangs komu til framkvæmda 1. janúar 2023, var sveitarfélögum og öðrum sem meðhöndla úrgang, skylt að nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. þær úrgangstegundir er falla undir sérstaka söfnun heimilisúrgangs. Þriðja útgáfa handbókar um merkingarnar var samþykkt af EUPicto og gefin út í febrúar 2023.

### Miðlun þekkingar um sjálfbærni

Sambandið framkvæmdi könnun á meðal sveitarfélaga um stöðu þeirra á innleiðingu heimsmarkmiðanna og annarri vinnu tengdri sjálfbærni á vormánuðum 2023. Niðurstöður hennar voru birtar í landrýnskýrslu Íslands til Sameinuðu þjóðanna. Í tengslum við könnunina var einnig efnt til [fræðslufundar þann 29. mars](#), ætluðum sveitarfélögum. Sambandið skilaði inn Voluntary Subnational Review (VSR) til Alþjóðasamtaka sveitarfélaga (UCLG) í tengslum við landrýnskýrslu Íslands. Þá tekur sambandið þátt í gerð norrænnar skýrslu um framgang heimsmarkmiðanna í norrænum sveitarfélögum í samstarfi við Nordregio og öll norrænu sveitarfélaga-samböndin.

### Fráveitumál

Sambandið á fulltrúa í samráðshópi um fráveitur en markmið hópsins er að efla samráð og samvinnu um fráveitu og skolphreinsun. Á árinu fór mikil vinna í að fylgjast með endurskoðun ESB á fráveitutilskipun Evrópusambandsins, sem er hluti af aðgerðaráætlun ESB um s.k. „núllmengun“ (e. Zero pollution action plan).

### Sjóðasókn

Sambandið tók þátt í samstarfi um nokkrar styrkumsóknir til Evrópusambandsins vegna umhverfis- og loftslagsmála. Snerust verkefni um aðlögun að loftslagsbreytingum, endurheimt votlendis og innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi. Sambandið hefur auk þess, skrifað undir sáttmála evrópskra svæða um að vinna í sameiningu að aðlögun að loftslagsbreytingum, en hann er hluti af leiðangri Horizon Europe áætlunarinnar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Með undirrituninni bjóðast íslenskum sveitarfélögum ýmis tækifæri til styrkja og hagnýtum upplýsingum og verkfærum.

*Heildstætt yfirlit yfir verkefni sambandsins á sviði umhverfis- og loftslagsmála má nálgast í skýrslu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis sem er aðgengileg á vef sambandsins.*







# BYGGÐAMÁL, ATVINNA OG INNVIÐIR

Sambandið tók þátt í undirbúningi byggðaráðstefnu sem haldin var 2. nóvember. Yfirskrift ráðstefnunnar var Búsetufrelsi. Framkvæmdastjóri sambandsins, Arnar Þór Sævarsson, lokaði ráðstefnunni ásamt því að fulltrúar frá sveitarfélögum tóku þátt og voru með erindi og álit.

## Umbrot á Reykjanesi

Föstudaginn 10. nóvember 2023 var íbúum Grindavíkur gert að yfirgefa heimili sín vegna mikilla jarðhræringa þá um daginn og nóttina þar sem stór sigdalur myndaðist í miðjum bænum.

Strax daginn eftir bauð sambandið bæjaryfirvöldum í Grindavík alla þá aðstoð sem sambandinu væri mögulega að veita á þessum örlagatímum. Sambandið fundaði með fulltrúum sveitarstjórna víðs vegar um landið, ásamt fulltrúum almannavarna og ríkisins þar sem rætt var um stöðu þeirra einstaklinga sem neyddust til að flýja heimili sín og hvernig viðbragðsaðilar gætu samræmt viðbrögð sín og brugðist sem best við.





„Það hefur á sama tíma verið gott að sjá samstöðu hjá sveitarfélögum landsins sem hafa mörg lagt Grindvíkingum lið, sérstaklega þegar kemur að skóla- og velferðarmálum. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga stutt við sveitarstjórn Grindavíkur, tekið saman upplýsingar og reynt eftir fremsta megni að styðja við sveitarfélagið í þeim risastóru verkefnum sem það stendur frammi fyrir. Þessi staða minnir okkur á hversu mikilvæg grunnþjónusta sveitarfélaganna er og þegar ríður á er samstarfsnet sveitarfélaganna um landið sterkt.“

Heiða B. Hilmisdóttir, formaður stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.



## Orkumál

Heilmikil umræða var um orkumál á árinu. Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra skipaði bæði starfshóp um vindorku og skattlagningu orkumannvirkja sem fulltrúar sambandsins áttu fundi með til að fara yfir sjónarmið sveitarfélaganna.

Ástæða er einnig til að nefna sérstaklega öflugt starf Samtaka orkusveitarfélaga en samtökin beittu sér af mikilli fagmennsku í hagsmunagæslu í málaflokknum á árinu.

# NÝSKÖPUN, STAFRÆN ÞRÓUN OG UMBREYTING

## Stafrænt umbreytingateymi

Áherslur stafræns umbreytingateymis árið 2023 byggðu á markmiðum sem sett voru á Landsþingi 2022.

Teymið var fullmannað á árinu 2023 með þremur starfsgildum. Helstu markmið teymisins er að vinna að miðlægu samstarfi í stafrænni þróun sveitarfélaga. Eiga gott samstarf við ríkið er snýr að miðlægum lausnum fyrir sveitarfélög og gæta hagsmuna þeirra, stuðla að nútímalegri tæknilegum innviðum sveitarfélaga, stuðla að þróun notendamiðaðar þjónustu við íbúa og að efla stafræna hæfni sveitarfélaga. Í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu eru 62 sveitarfélög.

Teymið heldur úti samstarfsvettvangi og stuðningi við sveitarfélög í tæknilegri framþróun, leiðir stafrænt ráð sveitarfélaga og stýrir fundum sérfræðinga sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu. Teymið tekur einnig þátt í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um stafræna þróun sem er undirnefnd Jónsmessunefndar. Verkefni teymisins á árinu hafa verið margþætt og hafa krafist samskipta við fjölda hagaðila.

Stafræna teymi sambandsins heldur úti vef-síðunni [www.stafræn.sveitarfelog.is](http://www.stafræn.sveitarfelog.is) og þar má m.a. finna yfirlit yfir [helstu verkefni](#) sem teymið hefur unnið að á árinu 2023.

### Þróun spjallmennis

Sambandið gerði samkomulag við DataLab um gerð og þróun gervigreindar spjallmennis fyrir sambandið. Spjallmennið verður fyrst í stað til innanhússnotkunar en stefnt er að því að spjallmennið geti þjónustað sveitarfélög og verði komið í almenna notkun á vef sambandsins samhliða nýrri vefsíðu sem lagt verður upp með á árinu 2024.

### Gagnalón

Uppsetning á launa-gagnalóni sambandsins lauk í byrjun árs og fyrstu gögn í það fóru að berast frá sveitarfélögum í lok febrúar 2023. Þangað inn er safnað upplýsingum yn launagreiðslur til þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem skráð eru í þau stéttarfélög sem samninganefndin hefur umboð til þess að semja við fyrir hönd sveitarfélaganna. Sveitarfélögin sem tengd eru senda skýrslu af launaupplýsingum í launa-gagnalónið við uppgjör í lok hvers mánaðar. Í lok árs höfðu 28 sveitarfélög virkjað tengingu við launagagnalónið, sem nota þrjú ólík launakerfi, og ná þau til 47% stöðugilda sveitarfélaganna í heild sinni.

Það voru aðeins fimm sveitarfélög eftirstandandi sem höfðu heimild til þess að tengjast sem nota sömu þrjú launakerfi. Unnið hefur verið hörðum höndum að stöðlun gagna, en verklag ólíkra sveitarfélaga og ólíkt viðmót launakerfanna gerir það að verkum að gögnin eru skráð á fjölbreyttan máta. Með nánú sambandi við launafulltrúa sveitarfélaganna, starfsfólki Andes og vörustjórum launakerfanna hefur launa-gagnalónsverkefnið farið vel af stað.

### X-road

Komið var á tengingu milli fjárhagsgagnalóns og Hagstofu með notkun Straumsins (e. X-road) í byrjun hausts 2023. Sóttar eru fjárhagsáætlanir, ársreikningar og sundurliðun ársreikninga sveitarfélaganna sem Hagstofan safnar frá sveitarfélögum.



# VINNUMARKAÐSMÁL


Í upphafi árs efndu Samband íslenskra sveitarfélaga, Jafnlaunastofa og verkefnastofa Starfsmats til morgunfundar um samstarf sveitarfélaga í þágu launajafnréttis. Á fundinum var m.a. fjallað um gildi starfsmats við launasetningu og um forsendur Jafnlaunastofu og hlutverk hennar. Árið 2023 einkenndist af miklum deilum á vinnumarkaði þar sem verkföll Eflingar og BSRB bar hæst.

## Verkfall BSRB

Félagsfólk í BSRB lagði niður störf um mitt ár. Verkfall þeirra hafði áhrif á að minnsta kosti 150 starfsstöðvar og stofnanir í 29 sveitarfélögum og í öllum landshlutum nema Austurlandi. Sambandið sendi út áréttingu til sveitarfélaga um að samningsumboð þeirra lægi hjá sveitarfélögum en ekki einstaka sveitarfélögum.

Samningar voru undirritaðir 10. júní þar sem launþegum var tryggð sáttgreiðsla auk mánaðarlegar launahækkunar.

Á meðan á kjaradeilu við BSRB stóð undirritaði Samninganefnd sveitarfélaganna kjarasamninga við 25 stéttarfélög innan ASÍ, BHM, KÍ og félög utan bandalaga.



## ERLEND SAMSKIPTI

Heiða Björg Hilmysdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Margrét Sanders, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og stjórnarkona í sambandinu, sóttu fund pólitískrar stefnumótunarnefndar hagsmunasamtaka sveitarfélaga í Evrópu - CEMR í Prag dagana 6.-7. desember. Á fundinum var áhersla á lofslags- og orkumál og kolefnishlutleysi Evrópu árið 2050, en fundurinn fór fram á sama tíma og lofslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna (COP28) var haldin í Dubai.

Sveitarstjórnarvettvangur EES EFTA kom tvisvar sinnum saman á árinu 2023. Fyrri skiptið kom vettvangurinn saman í Saignelégier í Sviss dagana 11.-12. maí 2023. Þar var stafræn umbreyting og innviðauppbygging í tengslum við hana helsta umfjöllunarefnið.

Seinna skiptið kom vettvangurinn saman í Brussel dagana 6.-7. desember 2023. Þá voru matarsóun og gæði jarðvegs helstu umfjöllunarefni vettvangsins. Samband íslenskra sveitarfélaga á sex fulltrúa í vettvangnum og er Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri í Hafnarfirði formaður hans.

Pólitísk stefnumótunarnefnd hagsmunasamtaka sveitarfélaga í Evrópu - CEMR fundaði í Tbilisi dagana 6.-7. júní. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Heiða Björg Hilmysdóttir ásamt þeim Margrét Sanders og Einari Þorsteinssyni voru fulltrúar Íslands á fundinum. Helstu umræðuefni fundarins voru krísur, sem eru orðnar að viðvarandi ástandi í heiminum, og umræður um hringrásarhagkerfið.





# HLUTVERK OG STARFSEMI SAMBANDSINS

## Aukið samstarf við landshlutasamtökin

Samvinna sambandsins og landshlutasamtaka var stórefld á árinu með reglulegum samráðsfundum. Að auki hefur sambandið aukið við fréttaflutning frá landshlutasamtökunum á vefsíðu sinni.

## Sveitarfélagaskólinn

Sveitarfélagaskólinn er stafrænn vettvangur námskeiða fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga sem hleypt var af stokkunum eftir sveitarstjórnarkosningar 2022.

Sambandið hannaði á árinu 2023 vinnustofur fyrir kjörna fulltrúa með það að markmiði að sveitarstjórnarfólk öðlist aukna þekkingu til að efla sig í árangursríkum samskiptum við úrlausn ágreiningsefna auk þess að reyna með raunhæfum hætti á þá þekkingu sem finna má í Sveitarfélagaskólanum. Vinnustofur fóru fram í öllum landshlutum og fékk allt sveitarstjórnarfólk boð um að mæta á vinnustofu í sínum landshluta.



### XXXVIII landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

XXXVIII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga fór fram á Grand hóteli í Reykjavík í mars. Í setningarræðu sinni sagði Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar, m.a. að fram undan væru fjölbreyttar áskoranir sveitarfélaga. „Ef við ætlum að halda í fólkið okkar þurfum við öflug sveitarfélög um land allt. Við erum ekki í samkeppni hvort við annað um fólk, við erum í samkeppni við önnur lönd.“

Dagskrárefni landsþingsins voru af fjölbreyttum toga. Fyrir hádegi var rætt um kjaramál og stöðu kjarasamninga en eftir hádegi var sjónum beint að stöðu húsnæðismála og komu flóttafólks.

### Heiðursviðurkenningar

Á landsþinginu var Karl Björnsson fráfarandi framkvæmdastjóri sæmdur heiðursmerki fyrir störf sín í þágu sambandsins og sveitarfélaganna. Karl starfaði hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2002 en sem framkvæmdastjóri frá 2008. Nær allan sinn starfsferil starfaði á sveitarstjórnarstiginu en hann varð bæjarstjóri á Selfossi árið 1986, aðeins 29 ára gamall.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga voru þær Aldís Hafsteinsdóttir, fyrrverandi formaður sambandsins og Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri Grýtubakkahrepps og formaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einnig sæmdar heiðursmerki fyrir mikil og góð störf í þágu sveitarfélaganna í landinu.






**Skipulagsbreytingar**

Arnar Þór Sævarsson tók við sem framkvæmdastjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þann 1. maí 2023 og í kjölfarið var farið í vinnu við endurskoðun á innra skipulagi og starfsemi sambandsins. Sú vinna var unnin í nánú samstarfi við starfsfólk með aðstoða frá fyrirtækinu DecideAct.

Markmið þeirra vinnu var að auka skilvirkni og bæta skipulag, þjónustu, samskipti og upplýsingaflæði, bæði inn og út á við, og auka sýnileika sambandsins gagnvart haghöfum og öðrum landsmönnum. Einnig að skapa skilyrði fyrir aukinni starfsánægju starfsfólks og góðri nýtingu mannauðs og fjármagns.

Afrakstur vinnunnar var lagður fyrir stjórn á haustmánuðum og tók nýtt skipurit gildi 1. desember 2023.



## Útgáfumál

Fréttabréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, Tíðindi, urðu tíu ára í janúar 2023 en fyrsta tölublaðið kom út í janúar 2013. Allir geta gerst áskrifendur að Tíðindum með því að skrá sig á vef sambandsins eða með því að senda tölvupóst á samband@samband.is.

Tvö tölublöð af Sveitarstjórnarmálum voru gefin út á árinu, að vori og hausti. Tímaritinu var dreift endurgjaldslaust til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum, til sveitarfélaga, alþingismanna og fleiri aðila. Ritstjórar tímaritsins voru þau Valur Rafn Halldórsson og Ingibjörg Hinriksdóttir.

## Samfélagsleg ábyrgð

Samband íslenskra sveitarfélaga sýnir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni, við ákvarðanatöku og ráðgjöf og er til fyrirmyndar í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags.

Frá árinu 2018 hefur prentun á skrifstofu sambandsins dregist saman um tæplega 87% eða úr 227.379 blöðum á ári niður í 30.640 blöð. Í upphafi árs setti starfsfólk sér það markmið að minnka prentun niður í um 30.000 blöð og má segja að það markmið hafi náðst.

Starfsfólk er hvatt til þess að nýta sér umhverfisvæna ferðamáta, s.s. göngu, strætó, hjól eða rafmagnshjól og með það að markmiði hefur sambandið boðið starfsfólki upp á rafdrifin hlaupahjól til afnota ef skjótast þarf stutta vegalengd. Þá er í gildi samningur um umhverfisvæna leigubíla og bílaleigubíla ef þeir kostir eru valdir.

SVEITARSTJÓRNARMÁL  
2. TBL. 83. ÁRGANGUR 2023

Ég hef bjartsýni og jákvæðni  
að leiðarljósi í mínum störfum

Arnar Þór Sævarsson, nýr framkvæmdastjóri  
sambandsins, tæðir við Garðar H. Guðjónsson

Geta sveitarstjórnir ráðlað og rekið æðstu  
yfirmenn og sveitarstjóra eftir geðþótta?  
Ingimár Ingimarsson skrifar um ráðningarsamninga



### Starfsmannamál

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga störfuðu 32 einstaklingar í 31,8 stöðugildum í árslok 2023 sem er fækkun um einn þá frá árinu áður. Mikil breyting hefur þó orðið í starfsmannahópnum og þá sérstaklega í stjórnendahópnum þar sem þrír stjórnendur létu af störfum á árinu og eitt stöðugildi stjórnanda var lagt niður þegar nýtt skipurit var samþykkt í lok árs.

Samband íslenskra sveitarfélaga hlaut jafnlaunastaðfestingu árið 2023 og framkvæmdi jafnframt öryggisúttekt á vinnustaðnum. Jafnframt hefur verið gerðu þjónustusamningur við Auðnast og Attentus til að tryggja faglega og markvissa vinnu í mannauðsmálum með hagsmuni starfsfólks að leiðarljósi.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, tilkynnti um starfslok um miðjan janúar og lét hann af störfum 30. apríl. Við starfi hans tók Arnar Þór Sævarsson, fv. bæjarstjóri á Blönduósi og aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra.

Á árinu létu þeir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, og Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, einnig af störfum.

### Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga

Alls voru haldnir 24 stjórnarfundir á árinu 2023, á þeim fundum voru 240 mál á dagskrá stjórnar. Þar þar hæst stöðu kjaramála og kjarasamninga sem getið er um á öðrum stað hér í ársskýrslunni sem og ráðning framkvæmdastjóra sem fjallað var um hér að framan.

### Fundað á Suðurlandi

Dagana 22. og 23. júní hélt stjórn sambandsins í heimsókn um sunnlensk héruð. M.a. heimsótti stjórnin sveitarfélögin Ölfus, Flóahrepp, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Árborg. Var góður rómur gerður að ferðinni og fræddist stjórnarfolk um hina ýmsa starfsemi sem fram fer í sveitarfélögum.



### Stjórn sambandsins í Brussel

Dagana 12.-15. september hélt stjórn sambandsins í kynnisferð til Brussel. Markmið ferðarinnar var að heimsækja og kynna helstu stofnunum Evrópusambandsins sem fara með málefni er varða íslensk sveitarfélög.

Í upphafi ferðar kynnti Óttar Freyr Gíslason, starfsmaður sambandsins í Brussel, starfsemi Evrópuskrifstofu okkar og Björn Malmquist, fréttamaður RÚV í Brussel, sagði frá málefnum líðandi stundar innan Evrópusambandsins. Þá tók Kristján Andri Stefánsson sendiherra, á mótí hópnum og sagði frá starfsemi sendiráðsins og hagsmunagæslu í tengslum við EES samninginn.

Einnig fékk stjórnin kynningu á ýmsum öðrum málum í sendiráðinu, svo sem um sveitarstjórnarmál, samgöngumál, húsnæðis- og skipulagsmál, fráveitur, úrgangsmál og loftsgæði, ásamt fleiru. Þá sagði Tinna Finnbogadóttir, sendiráðunautur í Brussel, frá nýjum fjármálareglum Evrópusambandsins.

Loks heimsótti stjórnin höfuðstöðvar EFTA þar sem Andri Lúthersson, aðstoðarframkvæmdastjóri og Pétur Gunnarsson sérfræðingur hjá EFTA, sögðu frá helstu málum sem eru á döfinni og varða evrópsk sveitarfélögin. Að lokum sagði Árni Páll Árnason, stjórnarmaður í stjórn ESA, frá starfsemi Eftirlitsstofnunar EFTA og helstu málum á þeirra borði.





## Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

### Aðalmenn:

- Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík
- Einar Þorsteinsson, Reykjavík
- Hildur Björnsdóttir, Reykjavík
- Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfirði
- Guðmundur A. Sigurjónsson, Seltjarnarnesi
- Einar Brandsson, Akranesi
- Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafirði
- Freyr Antonsson, Dalvíkurbyggð
- Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
- Margrét Ólöf A. Sanders, Reykjanesbæ
- Walter Fannar Kristjánsson, Flóahreppi

### Varamenn:

- Dagur B. Eggertsson, Reykjavík
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Reykjavík
- Kjartan Magnússon, Reykjavík
- Hjördís Ýr Johnsson, Kópavogi
- Sigrún Sverrisdóttir, Hafnarfirði
- Júníana Björg Óttarsdóttir, Snæfellsbæ
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði
- Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþingi
- Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Akureyri
- Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
- Ásgerður K. Gylfadóttir, Svf. Hornafirði

### Umsagnir

Á árinu 2023 veitti Samband íslenskra sveitarfélaga 35 umsagnir um þingmál og 57 umsagnir til annarra aðila, s.s. ráðuneyta og stofnana.

### Málakerfi

Alls voru stofnuð 443 mál í málakerfi sambandsins á árinu 2023 eða 1,2 mál á hverjum degi ársins. Á sama tíma voru stofnuð 288 mál í málakerfi Námsleyfasjóðs.

### Nefndaskipan

Þann 15. febrúar 2024 eiga 292 einstaklingar sæti í 200 nefndum sem fulltrúar sambandsins.

### Upptökur frá fundum

Áhorf á upptökur frá fundum á vegum sambandsins á árinu 2023 voru 2.135, áhorf varði samtals í 16 daga, eina klukkustund, 35 mínútur og 20 sekúndur. Meðaláhorf varði í tíu mínútur og 50 sekúndur. Flestir þeirra sem horfðu voru staddir á höfuðborgarsvæðinu, 1.383, þá á Norðurlandi eystra 149 og Sunnlendingar voru í þriðja sæti með 112 áhorf.

### Nefndaskipan í tölum

Svæði	Karl	Kona	Samtals
Höfuðborgarsvæðið	36	58	94
Suðurnes	6	6	12
Vesturland	8	6	14
Vestfirðir	4	8	12
Norðurland vestra	1	7	8
Norðurland eystra	10	13	23
Austurland	6	7	13
Suðurland	13	10	23
Sambandið	28	65	93
<b>Samtals</b>	<b>112</b>	<b>180</b>	<b>292</b>

# Starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga

## 31. desember 2023

### Framkvæmdastjóri

- Arnar Þór Sævarsson

### Yfirstjórn:

- Grétar Sveinn Theodórsson, samskiptastjóri
- Inga Rún Ólafsdóttir, formaður Samninganefndar sambandsins
- Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur
- Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs

### Samninganefnd sveitarfélaga:

- Berglind Eva Ólafsdóttir
- Bjarni Ómar Haraldsson
- Ellisif Tinna Víðisdóttir
- Margrét Sigurðardóttir

### Stjórnsýslusvið:

- Alfa Jóhannsdóttir
- Anna Ingadóttir
- Eygerður Margrétardóttir
- Flosi Hrafn Sigurðsson
- Gyða Einarsdóttir
- Hugrún Geirsdóttir
- María Ingibjörg Kristjánsdóttir
- Óttar Freyr Gíslason
- Svala Hreinsdóttir

### Þjónustusvið:

- Guðlaug K. Jónsdóttir
- Guðmunda Oliversdóttir
- Ingibjörg Hinriksdóttir
- Kolbrún Erna Magnúsdóttir
- Ragnheiður Snorradóttir
- Rósa Hjartardóttir
- Þóra Helgadóttir

### Þróunarsvið:

- Anna Guðrún Björnsdóttir
- Björgvin Sigurðsson
- Fjóla María Ágústsdóttir
- Helgi Aðalsteinsson
- Hrund Valgeirsdóttir
- Jóhannes Á. Jóhannesson
- Sólveig Ástudóttir Daðadóttir
- Valgerður Freyja Ágústsdóttir



